



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
Ný landvörn**

Þegar Íslendingar fögnuðu hálftrar aldar afmæli lýðveldis með þjóðhátíð á Þingvöllum 17. júní 1994 samþykktu fulltrúar ríkja heims á vettvangi Sameinuðu þjóðanna Sáttmála gegn eyðimerkurmyndun, aðgerðaskrá til að verjast gróðureyðingu og jarðvegsrofi.

Sameinuðu þjóðirnar hafa síðan ár hvert lýst 17. júní dag jarðvegsverndar. Sigurdagur í sjálfstæðisbaráttu okkar Íslendinga er orðinn að heitstrengingardegi mannkyns alls.

Ættjarðarást var sú tilfinning sem heitust bjó í brjósti þeirra sem í upphafi þessarar aldar nefndust Landvarnarmenn. Þeir hófu á loft ýtrustu kröfur um sjálfstæðan rétt Íslendinga og áður en öldin var hálfnuð rættist draumur þeirra með lýðveldisstofnun á Þingvöllum.

Lífshugsjón þeirra var að Íslandi væri einungis borgið í höndum okkar sjálfra.

Undrun og vonbrigði yrðu sannarlega viðbrögðin væri allt þetta góða fólk nú á lífi til að nema þá staðreynd að á ævitíma einnar kynslóðar er ættjörð okkar orðin að mesta eyðimerkursvæði álfunnar. Ísland er nú meðal þeirra ríkja þar sem landgæði hafa rýrnað hvað mest. Samkvæmt mælikvörðum hins alþjóðlega sáttmála um varnir gegn eyðimerkurmyndun er landeyðing talin vera svipmót um 40% af flatarmáli Íslands. Þótt jöklar, ár, vötn og hæstu fjöll væru undanskilin er alvarlegt jarðvegsrof sú ásýnd sem blasir við á rúmlega helmingi landsins.

Skýrsla Landgræðslu ríkisins og Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins um jarðvegsrof á Íslandi felur í sér alvarlegustu viðvörðun sem íslensk þjóð hefur fengið á síðari áratugum.

Með hjálp gervihnattamynda, nýjustu upplýsingatækni og rannsóknnaaðferða sem þróaðar hafa verið í Bandaríkjunum, Ástralíu og

Nýja-Sjálandi hafa vísindamenn okkar Íslendinga fært þjóðinni nákvæm kort um ástand landsins, hværrar sýslu, hvers hrepps.

Niðurstöðurnar sýna að jarðvegsrof á Íslandi er með því mesta sem gerist á jörðinni allri utan þurrkasvæða.

Við erum í hópi þeirra þjóða sem á þessari öld hafa leikið eigin ættjörð verst.

Sú staðreynd er í hrópandi mótsögn við sjálfsímynd Íslendinga. Samt verður hún ekki umflúin. Við erum óðfluga að breyta æ stærri hlutum Íslands í eyðimörk.

Þegar sumri er heilsað að góðum og gömlum sið og við hlökkum til hlýindanna sem í hönd fara er hollt að hugleiða baráttu gróðursins við eyðingaröflin, stórvirka sveit þar sem við sjálf förum fremst.

Í árdaga þessarar aldar glæddu Landvarnarmenn baráttuna fyrir sjálfstæði Íslendinga nýjum þrótti.

Þær kynslóðir sem nú byggja Ísland mega ekki skila ættjörðinni í hendur þeirrar næstu svo illa til reika að hún sé í alþjóðlegum sáttmálum úrskurðuð helsta eyðimörk álfunnar.

Í lok aldarinnar er því brýnt að við Íslendingar sameinumst um að hefja á kröftugan hátt nýja landvörn.